



Fréttatilkynning
14. febrúar 2013

Ársreikningur Landsnets hf. fyrir árið 2012

- Hagnaður ársins nam 801 milljón króna -

Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 801 mkr. fyrir árið 2012 samanborið við hagnað að fjárhæð 840 mkr. á árinu 2011. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) nam 7.773 mkr. samanborið 8.007 mkr. á fyrra ári og lækkar því um 234 mkr. á milli ára. Rekstrarniðurstaða ársins er betri en áætlanir félagsins gerðu ráð fyrir.

Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 4.339 mkr. á árinu 2012 á móti 4.396 mkr. á árinu 2011. Ekki eru miklar breytingar á milli ára í fjármagnsliðum en þeir lækka um 57 mkr. eða 1,3%.

Eiginfjárlutfall í árslok var 17,7% samanborið við 16,7% í lok fyrra árs. Eigið fé í árslok nam 13.263 mkr. samanborið við 12.462 í lok árs 2011. Heildareignir félagsins í árslok námu 74.873 mkr. samanborið við 74.679 mkr. í lok fyrra árs. Heildarskuldir námu 61.610 mkr. samanborið við 62.217 mkr. í lok fyrra árs.

Lausafjárstaða félagsins er sterk, í árslok nam handbært fé 10.310 mkr. Handbært fé frá rekstri nam 5.808 mkr. árið 2012 samanborið við 6.279 mkr. árið 2011.

Rekstrarhæfi félagsins er mjög gott. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 mun handbært fé standa undir fjárfestingum og afborgunum lána.

Ársreikningur Landsnets hf. var samþykktur á fundi stjórnar 14. febrúar 2013.

Frekari upplýsingar veitir:

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála, sími 563 9311 eða netfang gudlaugs@landsnet.is.

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum króna):

Rekstrarreikningur	2012	2011	2010	2009
Rekstrartekjur	12.344.462	11.903.220	12.846.461	13.294.384
Rekstrargjöld	(7.038.846)	(6.462.803)	(6.505.789)	(6.343.460)
Rekstrarhagnaður	5.305.616	5.440.417	6.340.672	6.950.924
Hrein fjármagnsgjöld	(4.338.924)	(4.396.146)	(2.154.603)	(5.629.476)
Áhrif hlutteilдарfélags	18.580	5.516	8.851	9.162
Hagnaður fyrir tekjuskatt	985.272	1.049.787	4.194.920	1.330.610
Tejuskattur	(184.319)	(209.957)	(632.336)	140.625
Hagnaður	800.953	839.830	3.562.584	1.471.235

Efnahagsreikningur	31.12.2012	31.12.2011	31.12.2010	31.12.2009
Fastafjármunir	62.450.596	62.451.825	64.034.921	65.313.425
Veltufjármunir	12.422.276	12.226.867	6.477.705	8.362.315
Eignir samtals	74.872.872	74.678.692	70.512.626	73.675.740
Eigið fé	13.262.835	12.461.882	11.622.052	8.321.983
Langtímaskuldir og skuldbindingar	57.643.922	55.579.998	56.402.782	63.038.557
Skammtímaskuldir	3.966.115	6.636.812	2.487.792	2.315.200
Eigið fé og skuldir samtals	74.872.872	74.678.692	70.512.626	73.675.740

Sjóðstreymi	2012	2011	2010	2009
Handbært fé frá rekstri	5.808.064	6.279.268	7.360.369	7.518.906
Fjárfestingahreyfingar	(2.211.407)	(829.927)	(1.337.730)	(3.384.803)
Fjármögnunarhreyfingar	(3.989.118)	(286)	(7.506.213)	(1.034.120)
Áhrif gengisbreytingar á handbært fé	459.317	537.960	(124.399)	63.210
Handbært fé í ársbyrjun	10.242.916	4.255.901	5.863.874	2.700.681
Handbært fé í árslok	10.309.772	10.242.916	4.255.901	5.863.874

Helstu kennitölur	2012	2011	2010	2009
EBITDA	7.773.168	8.006.865	8.882.008	9.331.062
Eiginfjárhlutfall	31.12.2012	31.12.2011	31.12.2010	31.12.2009
	17,7%	16,7%	16,5%	11,3%

Hlutverk Landsnets er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.